

Alþingi,  
umhverfis- og samgöngunefnd  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 13. apríl 2022

## **Efni: Umsögn Nova um frumvarp til nýrra fjarskiptalaga, 461. mál**

Vísað er til tölvupóstar Alþingis, dags. 30. mars sl. Með honum var Nova gefinn kostur á að senda inn umsögn um frumvarp til laga um fjarskipti sem nú er til meðferðar á Alþingi. Nova þakkar fyrir þetta tækifæri og fer umsögn Nova hér á eftir.

### **Meginatriði**

- Innleiðing „Kóðans“ í íslensk lög er í meginatriðum edlilegt og viðbúið skref m.t.t. alþjóðlegra skuldbindinga Íslands. Með lögnum verða margvíslegar réttarbætur þótt um sum atriði telji Nova að standa mætti betur að málum.
- Ákvæði 87. gr. frumvarpsins, verði það að lögum, mun hins vegar strax við lögfestingu skapa réttaróvissu og hindranir varðandi áframhaldandi fjárfestingar í búnaði vegna nauðsynlegrar uppbyggingar hágæða fjarskiptaþjónustu fyrir landsmenn alla.
- Beiting 87. gr., einkum 3. mgr. 87. gr., myndi baka Nova verulegt fjártjón og skaða samkeppnishæfni fyrirtækisins bæði til lengri og skemmri tíma. Samhliða er hættu á verulegri minnkun á samkeppni á fjarskiptamarkaði, til mikils tjóns fyrir neytendur og atvinnulíf á Íslandi.
- Breyta þarf 87. gr. frumvarpsins þannig að ákvæðið komi til móts við gagnrýni og athugasemdir sem fram hafa komið, m.a. frá Nova og nánari grein er gerð fyrir að neðan.
- Tryggja þarf að ákvarðanir um beitingu þessháttar heimilda sem 3. mgr. 87. gr. frumvarpsins felur í sér séu teknar með samráði við hag- og fagaðila og að undangenginni vandaðri málsmeðferð, öryggismati o.fl.
- Tryggja þarf réttarstöðu fjarskiptafyrirtækja vegna hugsanlegrar beitingar 3. mgr. 87. gr., með aðgangi að nauðsynlegum gögnum og möguleika til að bera ákvarðanir undir dómstóla.
- Tryggja þarf bótarétt fjarskiptafyrirtækja sem munu verða fyrir tjóni á fjárfestingum sínum ef til beitingar 3. mgr. 87. gr. kemur, til að draga úr áhættu og minnka þann skaða sem lögfesting ákvæðisins, sem og hugsanleg eftirfarandi beiting þess, mun annars valda.

## I.

Frumvarp þetta var áður til meðferðar á Alþingi, á 150. og 151. löggjafarþingi. Við fyrri meðferð málsins skilaði Nova inn umsögn til Alþingis, dags. 5. nóvember 2020.

Í inngangi að greinargerð með frumvarpinu kemur fram að það sé nú lagt fram að nýju í lítillaga breyttri mynd, m.a. að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem fram höfðu komið á fyrri stigum. Er gerð grein fyrir þessum breytingum í 5. kafla almennra athugasemda með frumvarpinu. Umræddar breytingar eru ágætar svo langt sem þær ná. Að mati Nova hefur hins vegar ekki átt sér stað viðunandi samtal félagsins við umhverfis- og samgöngunefnd á fyrri stigum né samtal við ráðuneyti fjarskiptamála, í tengslum við þær athugasemdir sem komið hefur verið á framfæri. Þær stuttu kynningar sem Nova hefur fengið tækifæri til að halda fyrir umhverfis- og samgöngunefnd hafa að mati Nova leitt í ljós þekkingarskort á mikilvægum atriðum sem tengjast þeim athugasemdum sem Nova hefur fært fram sem og uppbyggingu, virkni og rekstri fjarskiptaneta. Þá hefur Nova ekki átt þess kost að eiga samtöl við sérfræðinga ráðuneytis fjarskiptamála um framangreind atriði sem hlýtur að teljast áhyggjuefni þegar svo umfangsmikil lög eru til umfjöllunar.

Í fyrri athugasemdum Nova kom fram að frumvarpið sýndist að meginstofni til fela í sér innleiðingu í íslenskan landsrétt á ákvæðum tilskipunar ESB nr. 2018/1972 frá 11. desember 2018 (Kóðinn). Af hálfu Nova væri heilt yfir ekki talin ástæða til að gera athugasemdir þá innleiðingu en þó með mikilvægu fráviki að því er varðaði ákvæði 87. gr. frumvarpsins.

Sem fyrr veldur 87. gr. frumvarpsins Nova verulegum áhyggjum. Eina breytingin sem gerð hefur verið á þeirri grein felst í því að við 3. mgr. hefur bæst nýr málslíður sem mælir fyrir um að í reglugerð skv. 1. málslíð 3. mgr. geti ráðherra heimilað notkun búnaðar frá öðrum ríkjum (en þeim sem Ísland á í öryggissamstarfi við og/eða er innan Evrópska efnahagssvæðisins), hafi hann verið samþykktur til sambærilegra nota af ríkjum sem Ísland á í öryggissamstarfi við.

Þótt þessi breyting sé til bóta þá kemur hún ekki til móts við þær áhyggjur og gagnrýni sem Nova setti fram í fyrri umsögn sinni. Að mati Nova er því óhjákvæmilegt að færa þær athugasemdir, í uppfærðu formi, að meginstofni fram að nýju.

## II.

Ákvæði 87. gr. frumvarpsins hljóðar svo:

*"Við þróun og uppbyggingu farneta í íslenskri lögsögu skal grípa til ráðstafana til að bregðast við áhættuþáttum er varða brýna almannahagsmuni og öryggi.*

*Telji Fjarskiptastofa hættu á að farnetskerfi á landsvísu séu eða geti orðið mjög háð búnaði frá einum framleiðanda er stofnuninni, á grundvelli öryggishagsmuna, heimilt að binda leyfi skv. 27. gr. skilyrðum er stuðla að fjölbreytni í gerð búnaðar eða grípa til annarra viðeigandi ráðstafana.*

*Að fengnum umsögnum ráðherra sem fara með utanríkis- og varnarmál, almannavarnir og löggæslu getur ráðherra kveðið á um í reglugerð að búnaður í tilteknum hlutum innlendra farneta, sem teljast viðkvæmir með tilliti til almannahagsmuna og öryggis ríkisins, skuli í heild eða að ákveðnu hlutfalli búnaðar vera frá framleiðanda í ríki sem Ísland á öryggissamstarf við eða ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í reglugerð skv. 1. másl. getur ráðherra jafnframt heimilað notkun búnaðar frá öðrum ríkjum, hafi hann verið samþykktur til sambærilegra nota af ríkjum sem Ísland á öryggissamstarf við.*

*Umsögn skv. 3. mgr. er undanþegin upplýsingarétti almennings samkvæmt upplýsingalögum og upplýsingarétti aðila máls samkvæmt stjórnisýslulögum eða öðrum lögum. Ráðherra sem veitir umsögn getur aflétt trúnaði af umsögn enda teljist öryggishagsmunir ekki lengur standa afhendingu eða birtingu í vegi."*

Nova hefur skilning á því að við uppbyggingu farneta hér á landi þurfi almanna- og öryggishagsmunir að vera tryggðir, sbr. 1. mgr. 87. gr. Ætla verður að slíkir hagsmunir lúti einkum að öryggi fjarskipta almennt, þ.e. að samfella sé í þjónustu og rekstri og sem minnst hætta sé á alvarlegum fjarskiptatrufnunum og eftir atvikum að fjarskipti séu örugg m.t.t. leyndar/trúnaðar og slíkra atriða. Þess ber að geta í þessu samhengi að Nova hefur að sjálfsögðu haft þessa hagsmuni til hliðsjónar í allri uppbyggingu sinni á fjarskiptainnvíðum. Sú uppbygging hefur staðið yfir frá því að Nova hóf starfsemi á íslenskum fjarskiptamarkaði árið 2007 og til hennar hefur verið varið milliörðum króna.

Í athugasemdum við 87. gr. í greinargerð með frumvarpinu segir að hvað varði öryggi innviða í fjarskiptum sé alþjóðlega lögð áhersla á áhættugreiningu og að þjónustan megi ekki verða of háð einum birgi eða framleiðanda búnaðar og að gera þurfi sérstakar öryggiskröfur vegna afmarkaðra hluta fjarskiptakerfa.

Á þessum grundvelli sýnist í 2. mgr. 87. gr. gert ráð fyrir að telji Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) að farnetskerfi á landsvísu séu eða geti orðið mjög háð búnaði frá einum framleiðanda sé stofnuninni, á grundvelli öryggishagsmuna, heimilt að binda leyfi skv. 27. gr. skilyrðum er stuðli að fjölbreytni í gerð búnaðar eða grípa til annarra viðeigandi ráðstafana. Enn fremur er ráðherra veitt sérstök

heimild í 3. mgr. 87. gr., að fenginni umsögn ráðherra sem fer með utanríkis- og varnarmál, almannavarnir og löggæslu, til að kveða á um í reglugerð að búnaður í tilteknum hlutum innlendra farneta, sem teljast viðkvæmir með tilliti til almannahagsmuna og öryggis ríkisins, skuli í heild eða að ákveðnu hlutfalli búnaðar vera frá framleiðanda í ríki sem Ísland á öryggissamstarf við eða ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í áðurnefndum athugasemdum við ákvæði 87. gr. í greinargerð með frumvarpinu sýnist þessi fyrirætlun vera sögð byggja á því hvaða ráðstafanir eða fyrirkomulag grannríki Íslands hafi ákveðið að viðhafa til að stuðla að öryggi 5G farnetsþjónustu. Við framangreint er óhjákvæmilegt að gera nokkrar athugasemdir:

Í fyrsta lagi verður að hafa í huga hvernig núverandi farnet, sem byggð hafa verið upp af fjarskiptafyrirtækjum á Íslandi undanfarin ár, eru úr garði gerð m.t.t. búnaðar og birgjavals. Birgi Nova og Síonar er kínverska fyrirtækið Huawei en birgi Símans er sænska fyrirtækið Ericsson. Hvað a.m.k. Nova snertir hvílir rekstrar- og samkeppnisstaða félagsins á því að farnet þess verði unnt að þróa áfram í samstarfi við Huawei sem meginbirgja að þessu leyti. Tæknilega og fjárhagslega væri nær útilokað að skipta um birgja varðandi t.d. uppbyggingu 5G hluta farnetsins, kæmi til þess að PFS eða stjórnvöld að öðru leyti beittu þeirri heimild sem fram kemur í 3. mgr. 87. gr. sbr. framangreint. Slík beiting myndi því sem næst gera út af við Nova sem öflugan keppinaut á íslenskum fjarskiptamarkaði með tilheyrandi skaða fyrir samkeppni á þeim markaði og tilheyrandi tjóni fyrir hagsmuni íslenskra neytenda og almennings.

Í þessu samhengi bendir Nova á að samhliða því að afar mikilvægt er vitaskuld að gæta að öryggishagsmunum af því tagi sem 1. mgr. 87. gr. tekur til er mjög þýðingarmikið að uppbygging farnets- og fjarskiptakerfa hér á landi eigi sér stað á forsendum virkrar samkeppni milli öflugra keppinauta sem veita hver öðrum aðhald. Þróun mála hvað varðar þjónustu og verð til neytenda hér á landi undanfarin ár, eftir að einokun Símans var aflétt og síðar með tilkomu Nova inn á íslenskan fjarskiptamarkað, sýnir mikilvægi framangreinds svart á hvítu.

Í öðru lagi bendir Nova á að sú fyrirætlun í 3. mgr. 87. gr. að heimilt verði að gera kröfu um að búnaður farnetsrekenda komi frá fyrirtækjum í tilteknum löndum eða innan EES gengur miklu lengra en nauðsynlegt er til að tryggja markmið laganna um öryggi í fjarskiptum. Beiting þeirrar heimildar myndi m.a. fela í sér að búnaður frá birgjum í Kína, Suður-Kóreu og Japan væri útilokaður en þessi lönd eru á meðal þeirra hvar tækniþróun fjarskiptabúnaðar er hvað lengst komin. Hafa ber þó í huga í þessu samhengi að þótt fyrirtæki í Japan og Suður-Kóreu séu langt komin í tækniþróun þá er ekki fyrirsjáanlegt í bráð að þaðan muni koma

burðugir birgjar sem komið geti í stað þeirra sem nú eru í boði. Í reynd myndi beiting heimildarinnar leiða til þess að birgja Símans, sænska fyrirtækinu Ericsson, væri færð einokunarstaða hér á landi. Sú staða myndi um leið fara gegn þeirri fyrirætlun sem felst í 2. mgr. 87. gr., þ.e. að Fjarskiptastofa gæti þess að farnet á landsvísu séu ekki um of háð búnaði frá einum framleiðanda. Þá telur Nova það með öllu órökstutt hvers vegna fjarskiptabúnaður frá framleiðendum í löndum sem Ísland á í því sem kallað er öryggissamstarfi við, eða sem starfræktir eru innan EES, telst fyrirfram öruggari en búnaður annarra framleiðenda.

Í þessu samhengi vekur athygli að ákvæði 87. gr. frumvarpsins virðist ekki gera ráð fyrir því að fjarskiptafyrirtækin sjálf og eftir atvikum aðrir hagsmunaaðilar hafi neina aðkomu að mati eða úttekt á því hvort öryggi sé áfátt í búnaði tiltekinna birgja og/eða hvaða kröfur sé eðlilegt og rétt að gera til slíks búnaðar með tilliti til öryggishagsmuna.

Í athugasemdum við ákvæði 87. gr. í greinargerð með frumvarpi til fjarskiptalaga kemur fram að sú leið sem ákvæðið gerir ráð fyrir sé mótuð með tilliti til þess hvernig grannríki á borð við t.d. Noreg hafi ákveðið að haga málum að þessu leyti. Eftir því sem Nova kemst næst er fyrirkomulagið þar í landi þó þannig að fjarskiptafyrirtæki, sem hyggst nýta tiltekinn búnað eða búnað frá tilteknum birgja, þarf að vinna og framvísa áhættumati m.t.t. öryggisþátta sem stjórnvöld yfirfara. Sé öryggisatriðum ekki talið áfátt eru ekki gerðar athugasemdir en séu uppi efasemdir um öryggisatriði leitar ráðuneyti fjarskiptamála samráðs við stjórnvöld á sviði fjarskiptamála og öryggismála og frekari upplýsinga frá fjarskiptafyrirtæki. Niðurstaða af slíku samráði getur orðið sú að fyrirætlanir fjarskiptafyrirtækis séu samþykktar með skilyrðum eða að þeim sé hafnað, ef ekki er talið tryggt að málefnalegra öryggissjónarmiða sé fyllilega gætt.

Fyrirætlun 87. gr. frumvarpsins er ekki í samræmi við framangreint. Að mati Nova er því ekki rétt sem fullyrt er í athugasemdum við 87. gr. að ákvæðið sé mótað á grundvelli þeirra ráðstafana sem samanburðarríki hafi gripið til. Sé horft til framkvæmdar á öðrum Norðurlöndum verður heldur ekki séð að ákvæði 87. gr. frumvarpsins sækji stuðning þangað.

Nova bendir á að finnsk fjarskiptalög virðast byggja á töluvert annarri og eðlilegri nálgun en 87. gr. frumvarpsins gerir. Í finnskum fjarskiptalögum er t.d. mælt fyrir um rétt fjarskiptafyrirtækis til bóta komi til ákvörðunar um að fjarlægja beri tiltekinn búnað úr fjarskiptaneti. Taka bæturnar mið af kostnaði við að fjarlægja búnaðinn og öðrum fjárhagslegum áhrifum. Þá hafa Finnar einnig tryggt fjarskiptafyrirtækjum andmælarétt sem og tækifæri á að bæta úr þeim öryggisatriðum sem kunni að vera ábótavant. Þá telst ákvörðun sem kann að vera tekin, um að fjarlægja búnað o.fl., stjórnvaldsákvörðun sem er kæránleg til

dómstóla og gætt er meðalhófs varðandi takmörkun á aðgangi að gögnum á grundvelli sjónarmiða um öryggi ríkisins.

Þá er bæði í norskum og finnskum lögum kveðið á um ítarlegri leiðbeiningar um mat á ýmsum þáttum öryggis- og áhættumats sem þurfa að liggja fyrir áður en ákvarðanir um bann við notkun búnaðar getur legið fyrir.

Í athugasemdum við ákvæði 87. gr. í greinargerð með frumvarpinu er tiltekið að vissar öryggisstofnanir í nágrennalöndum séu leiðandi við framkvæmd öryggismats hvað það varðar hvort viðkvæmir hlutar farnetskerfa standist kröfur með tilliti til almannahagsmuna og öryggis ríkisins. Þar sem slíkar stofnanir séu ekki til hérlendis sé lagt til að farin sé sú leið sem boðuð er í 2. og 3. mgr. 87. gr. Að mati Nova er þessi nálgun röng. Íslensk stjórnvöld geta haft hliðsjón af niðurstöðum öryggisstjórnvalda í nágrennaríkjum eða öðrum ríkjum sem Ísland telur rétt að líta til í þessu samhengi án þess að ákveða fyrirfram að réttu viðbrögðin við ætlaðri öryggisógn felist í því að útiloka birgja frá tilteknum löndum eða svæðum.

Við fyrri meðferð frumvarpsins lögðu Samkeppniseftirlitið og Póst- og fjarskiptastofnun (nú Fjarskiptastofa) fram umsagnir við frumvarpið. Þar komu fram athugasemdir um neikvæð áhrif þess á hagkvæma uppbyggingu fjarskiptainniða og neikvæð áhrif á samkeppni á íslenskum fjarskiptamarkaði. Brýnt er að Alþingi taki mið af þessum sjónarmiðum í umfjöllun sinni og geri nauðsynlegar breytingar á ákvæði 87. gr. þannig að komið sé til móts við umræddar athugasemdir.

Til viðbótar má nefna að ákvæðið byggir á ýmsum hugtökum og orðalagi sem verulega skortir á að séu skilgreind með viðunandi hætti. Þannig er í 3. mgr. 87. gr. talað um „tiltekna hluta innlendra fjarskiptaneta“, að umræddir hlutar séu „viðkvæmir með tilliti til almannahagsmuna eða þjóðaröryggis“ og að búnaður hafi verið samþykktur til „sambærilegra nota“ o.s.frv. Meðal annars með vísan til þess hvað ákvæðið er að þessu leyti óljóst, varðandi hvað geti leitt til beitingar heimildar ráðherra og að hverju nákvæmlega sú beiting muni beinast er brýnt að Alþingi skýri framangreind atriði og tryggi jafnframt aðkomu Fjarskiptastofu að mati og ákvarðanatöku um hvort heimild af þessu tagi skuli beitt.

Þá er heldur ekki í ákvæðinu eða í frumvarpinu skýrt hvað átt er nákvæmlega við með tilvísun til ríkja sem Ísland á í öryggissamstarfi við. Hér hlýtur að vera átt við ríki sem Ísland á í formbundnu öryggis- eða varnarsamstarfi við á grundvelli alþjóðasamninga sem Ísland á aðild að. Mikilvægt er að þetta sé skýrt í lögnum.

Hvað bæði 2. og 3. mgr. 87. gr. varðar áréttar Nova að þar skortir á að mælt sé fyrir um samráð við fjarskiptafyrirtæki áður en reglur eru settar á grundvelli þeirra heimilda sem þar koma fram. Augljóst er að fjarskiptafyrirtækin sjálf eru þeir aðilar sem hafa hvað ríkasta hagsmuna að gæta vegna þeirra reglna sem ákvæðið gerir ráð fyrir að kunni að verða settar. Sökum réttaröryggis og mikilvægis þess að ákvarðanir um grundvallaratriði er varða farnet og aðra innviði fjarskiptafyrirtækja séu fyrirsjáanlegar og málefnalegar verður að tryggja fjarskiptafyrirtækjum möguleika til að setja fram ábendingar og athugasemdir við undirbúning reglusetningar.

Loks áréttar Nova að verði 87. gr. frumvarpsins að lögum, í óbreyttri eða lítt breyttri mynd, og verði þeim heimildum beitt sem 2. og þó einkum 3. mgr. 87. gr. gerir ráð fyrir, mun slíkt fyrirsjáanlega baka fjarskiptafyrirtækjum sem reglurnar eða ráðstafanirnar beinast gegn umtalsvert tjón. Mæla verður skýrlega fyrir um bótarétt fjarskiptafyrirtækja við þessar aðstæður þannig að lögin samrýmist ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar.

### III.

Með vísan til alls framangreinds gerir Nova aðallega þá tillögu að ákvæði 87. gr. verði breytt með eftirfarandi hætti:

Ákvæði 1. mgr. 87. gr. orðist svo: "*Við þróun og uppbyggingu farneta í íslenskri lögsögu er heimilt að grípa til ráðstafana til að bregðast við áhættuþáttum er varða brýna almannahagsmuni og öryggi*".

Að mati Nova er fullnægjandi að mæla fyrir um heimild til viðbragða við þeim kringumstæðum sem nefndar eru.

Ákvæði 2. mgr. 87. gr. falli brott. Að mati Nova felst ekkert sjálfstætt vandamál í því að farnetskerfi á Íslandi séu á landsvísu meira eða minna háð búnaði frá tilteknum framleiðanda. Meginmáli skiptir það sem tekið er á í 3. mgr., sbr. hér að neðan, að búnaður sem notaður er á Íslandi í uppbyggingu farnetskerfa, standist málefnalegar kröfur m.t.t. öryggis og almannahagsmuna. Þá er minnt á að uppbygging farnetskerfa á Íslandi er í dag byggð á búnaði frá tveimur framleiðendum, þ.e. Huawei annars vegar og Ericsson hins vegar og engar vísbendingar eru um breytingar hvað þetta varðar. Fæst því ekki séð að neitt tilefni sé til þess að lögfesta ákvæði af þessu tagi. Jafnframt bendir Nova á að ósamræmi er á milli 2. og 3. mgr. ákvæðisins eins og það er sett fram í frumvarpinu. Væri heimild 3. mgr. 87. gr. beitt myndi það sem fyrr segir leiða til þess að Ericsson væri eini raunhæfi birgi allra íslenskra fjarskiptafyrirtækja. Með því væri skapað ástand sem 2. mgr. 87. gr. sýnist ætlað að vinna gegn.

Ákvæði 3. mgr. 87. gr. orðist svo: *"Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn frá ráðherrum sem fara með utanríkis- og varnarmál, almannavarnir og löggæslu, og að fengnu álitni Fjarskiptastofu, sem byggja skal á ítarlegu öryggismati og unnið skal í samráði við fjarskiptafyrirtæki sem beinna hagsmuna hefur að gæta, að kveða á um í reglugerð að mikilvægur búnaður í tilteknum hlutum innlendra farneta, sem teljast viðkvæmir með tilliti til almannahagsmuna og öryggis ríkisins, skuli í heild eða að hluta uppfylla málefnaleg skilyrði um tæknilega útfærslu og öryggi."*

Með þessu telur Nova að áréttað sé að heimildir stjórnvalda til íhlutunar, hvað varðar ákvarðanir fjarskiptafyrirtækja um hvaða birgja þeir skipta við og hvaða búnað þeir nota, séu byggðar á raunverulegu öryggismati með aðkomu allra aðila sem málið varðar en ekki eingöngu á fyrirfram gefnum forsendum um að búnaður frá tilteknum birgjum eða tilteknum svæðum í heiminum sé varhugaverður umfram annan búnað eða aðra birgja.

Ákvæði 4. mgr. 87. gr. falli brott. Hvað þessa málsgrein (4. mgr. 87. gr. frumvarpsins) varðar bendir Nova á að óeðlilegt er að undanskilja þau gögn, sem legið geta til grundvallar svo íþyngjandi ákvörðunum sem í framangreindu geta falist, upplýsingarétti almennings og ekki síst upplýsingarétti aðila máls samkvæmt stjórnarsýslulögum. Bæði upplýsingalög og stjórnarsýslulög gera nú þegar ráð fyrir því að við vissar kringumstæður geti upplýsingar í nefndum gögnum verið undanþegin aðgangi m.t.t. öryggishagsmuna íslenska ríkisins. Engin ástæða er til að ganga lengra en þar er gert í takmörkun upplýsingaréttar, einkum að því er varðar aðila máls sem augljóslega mun hafa verulega hagsmuni af þeim ákvörðunum sem teknar kunna að vera á þessum grundvelli og á hvaða forsendum slíkar ákvarðanir eru teknar.

#### IV.

Fari svo af einhverjum ástæðum að ekki sé vilji til að gera þessháttar breytingar á ákvæði 87. gr. sem rökstuddar eru að framan gerir Nova til vara þá tillögu að ákvæðinu verði breytt með svohljóðandi hætti:

Ákvæði 1. mgr. 87. gr. orðist svo:

*"Við þróun og uppbyggingu farneta í íslenskri lögsögu er **heimilt** að grípa til rádstafana til að bregðast við áhættuþáttum er varða brýna almannahagsmuni og öryggi"*.

Vísað er til röksemda að framan um þetta.



Ákvæði 2. mgr. 87. gr. orðist svo:

„Telji Fjarskiptastofa hættu á að farnet á landsvísu séu eða geti orðið mjög háð búnaði frá einum framleiðanda er stofnuninni, **á grundvelli öryggishagsmuna og að undangengnu öryggismati sem unnið skal í samráði við leyfishafa**, heimilt að binda leyfi skv. 27. gr. skilyrðum er stuðla að fjölbreytni í gerð búnaðar, setja slík skilyrði í reglum um tilkynningu þráðlauss sendabúnaðar skv. 3. mgr. 27. gr., eða grípa til annarra viðeigandi ráðstafana. **Leyfishafa skal veittur fullnægjandi frestur til að uppfylla þau skilyrði og ráðstafanir sem Fjarskiptastofa ákveður.**“

Að mati Nova er lágmark að ákvarðanir Fjarskiptastofu samkvæmt þessari grein byggji á vönduðu öryggismati sem stofnunin vinni á grundvelli þeirra laga sem gilda um starfsemi hennar og stjórnarsýslulaga. Sömuleiðis er mikilvægt að tryggt sé að þeir aðilar sem hlíta þurfa skilyrðum samkvæmt ákvæðinu hafi fullnægjandi svigrúm til að aðlaga rekstur sinn og uppbyggingu kerfa sinna að þeim skilyrðum sem sett kunna að verða. Loks væri rétt að tilgreina skýrlega í lögskýringargögnum að komi til setningar reglugerðar skv. 3. mgr. 87. gr., við þær aðstæður að Fjarskiptastofa hafi bundið leyfi einhverjum skilyrðum á grundvelli 2. mgr., að þá komi sjálfkrafa til endurskoðunar á þeim skilyrðum enda augljóst að forsendur þeirra væru að öllum líkindum brostnar.

Ákvæði 3. mgr. 87. gr. orðist svo:

„*Að fengnum umsögnum ráðherra sem fara með utanríkis- og varnarmál, almannavarnir og löggæslu, og gegn greiðslu bóta úr ríkissjóði til eiganda innlends fjarskiptanets vegna tjóns eða kostnaðar, getur ráðherra kveðið á um í reglugerð að búnaður í tilteknum hlutum innlendra fjarskiptaneta, sem teljast viðkvæmir með tilliti til almannahagsmuna eða þjóðaröryggis, skuli í heild eða að ákveðnu hlutfalli vera frá framleiðanda í ríki sem Ísland á öryggissamstarf við eða ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í reglugerð skv. 1. málsl. getur ráðherra jafnframt heimilað notkun búnaðar frá öðrum ríkjum, hafi hann verið samþykktur til sambærilegra nota af ríkjum sem Ísland á öryggissamstarf við.*“

Nova áréttar fyrri athugasemdir um að skýra verður betur ýmis hugtök og orðfæri í ákvæðinu. Lagt er til að kveðið verði skýrt á um að tjón eða kostnaður sem hlýst af setningu reglugerðar skv. 3. mgr. 87. gr. sé bætt úr ríkissjóði.

Hvað 4. mgr. 87. gr. varðar ítrekar Nova fyrri athugasemdir en gerir ekki tillögu um breytingar á henni fari svo að Alþingi telji rétt að lögfesta ákvæði af þessu tagi.

## V.

Nova hóf uppbyggingu á 5G þjónustu eftir úthlutun tíðnileyfis PFS (nú Fjarskiptastofa) sem gefið var út 30. apríl 2020 og í framhaldi var hafist handa við að uppfylla sértækar uppbyggingakröfur sem fólust í því að byggja upp 5G netþjónustu með að lágmarki 200Mb/s hraða á Hellu, í Sandgerði og Vestmannaeyjum sem nær til a.m.k. 90% íbúa byggðakjarnans. Nova uppfyllti uppbyggingakröfur vel innan þeirra tímamarka sem Fjarskiptastofa lagði til.

Næst var á dagskrá er að uppfylla almennar uppbyggingakröfur sem lúta að því að þjónustusvæði 5G þjónustu ná til 25% landsmanna og að settir hafa verið upp og virkjaðir a.m.k. 30 sendar. Nova lauk þessu og voru 49 5G sendar komnir í notkun við lok árs 2021. Nú í apríl 2022 hafa 54 sendar verið teknir í notkun. Eins og gefur að skilja er komin upp veruleg óvissa varðandi frekari uppbyggingu m.a. vegna fjárfestingaráhættu, ef hætta er á að verulegar takmarkanir verða uppi um notkun 5G tæknibúnaðar frá okkar helsta birgja. Nova hefur leitað eftir handföstum upplýsingum um í hverju slíkar takmarkanir gætu verið fólgnar en hefur ekki haft erindi sem erfiði úr því hvorki frá Fjarskiptastofu né öðrum stjórnvöldum.

Sé horft heildstætt á hagsmuni Íslands og Íslendinga telur Nova að hröð og hagkvæm uppbygging 5G þjónustu hér á landi geti víða jafnað til muna aðstöðumun á landinu. Slík uppbygging stuðlar að nýsköpun og skapar tækifæri til að hagnýta tæknina til að auka hagsæld og velferð í samfélaginu.

Nú þegar er á heimsvísu hafin mikil samkeppni um nýtingu tækninnar til að aukinnar hagsældar eins og glögglega sést í stefi fjórðu iðnbyltingarinnar. Því er mjög mikilvægt að ekki verði óþarfa tafir á uppbyggingu nútíma farneta á Íslandi, en slíkar tafir gætu skekkt til muna samkeppnishæfni landsins þar sem öflug net eru mikilvæg stöð í þeirri framþróun. Tafir að þessu leyti myndu hafa verulega neikvæð áhrif víða í samfélaginu, hefta nýsköpun, valda stöðnun í ýmiskonar tækniþróun og takmarka nýtingu þeirra tækifæra sem eru og verða í boði á næstu misserum.

## VI.

Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um skipulag tíðnirófsins og úthlutun tíðna. Í tengslum við þetta og almennt varðandi nýtingu tíðnirófsins bendir Nova á mikilvægi þess að þeir sem fengið hafa tíðnum úthlutað sé haldið fast við þær kröfur sem gerðar eru til handhafa tíðnileyfa um nýtingu þeirra. Í gildistíð núverandi laga telur Nova að finna megri dæmi um að handhöfum tíðnileyfa hafi verið hleypt alltof lengi upp með að draga nýtingu tíðnanna með tilheyrandi skaða fyrir m.a. Nova sem hefur búið við skert aðgengi að tíðnibandinu. Mikilvægt sé að kröfum um nýtingu tíðna sé fylgt eftir af festu og að frumvarp til nýrra fjarskiptalaga endurspegli það.

Að mati Nova er ekki óeðlilegt að reikna með einhverri gjaldtöku á hendur fjarskiptafyrirtækjum fyrir endurnýjun tíðna. Sérstaklega á það við þegar fyrir liggur að samkeppni er um aðgang að viðkomandi tíðnisviði. Þá telur Nova einnig að huga mætti að því hvernig tíðnibönd eru notuð m.t.t. þeirrar tækniþróunar sem átt hefur sér stað. Stór hluti verðmætra tíðnibanda er í dag notaður undir svokallaða 2G þjónustu í farsíma sem ekki getur talist hagkvæm nýting tíðnanna lengur og til framtíðar horft. Mikilvægt er að fjarskiptalög feli í sér skýra stefnumörkun í þá átt að lægri (og verðmætari) hlutar tíðnirófsins séu nýttir á hagkvæman hátt m.t.t. nútímatækni.

Hvað varðar ýmis önnur atriði laganna Nova vill koma eftirfarandi á framfæri:

59. gr. Um „Heildsölufyrirtæki“ fjallar um að hægt verði að takmarka kvaðir á heildsölufyrirtæki séu slíkar kvaðir til staðar. Nova er ekki mótfallið því í sjálfu sér að hægt verði að draga úr kvöðum á heildsölufyrirtæki. Að mati Nova þarf að skýra betur hugtakið „sérstillingur“ sem notaðar er í athugasemdum með 59. gr. og nefna dæmi um hverskonar samningar gætu hér fallið undir.

72. gr. Kveður á um breytingu á binditíma neytenda úr 6 mánuðum í 12 mánuði. Nova er mótfallið þessari breytingu. Mikið hefur verið um undirboð á markaði þar sem neytendum er boðnar ýmis konar útgáfur af fríum mánuðum og þá gjarnan tengt pakkatilboðum sem bundnir eru við sjónvarpsþjónustu.

Að mati Nova hefur sjónvarpsþjónusta í þess konar pökkum verið að niðurgreiða verð fjarskiptaþjónustu sem til lengri tíma hefur neikvæð áhrif á fjarskiptamarkað. Nova telur að með lengri bindingu slíkra samninga verði áhrif niðurgreiðslu enn meiri og skaðleg samkeppni á fjarskiptamarkaði til lengri tíma litið. Ekki er talin nein sérstök þörf á því að lengja binditímamann sem í dag er 6 mánuðir.

74. gr. Vegna nýrra og mun meira krefjandi laga um persónuvernd er það mat Nova að ekki ætti að vera skylda um aðra sundurliðun en þá sem greitt er sérstaklega fyrir. M.ö.o. ef t.d. ekki er rukkað sérstaklega fyrir símtal sem er orðið nokkuð algilt í innanlandsnotkun þá ætti ekki að vera skylda um að birta slíkar færslur í sundurliðun.


93. gr. Vegna nýrra og mun meira krefjandi laga um persónuvernd sem og breytts landslags í upplýsingaleit, er það mat Nova að lög um Símaskrárupplýsingar séu tímaskekkja. Sú áhætta sem búin er til varðandi meðferð persónuupplýsinga sem fjarskiptafyrirtækjum er skylt að taka er óviðunandi og ætti að vera á höndum þeirra aðila sem sjá um viðlíka upplýsingar fyrir hið opinbera. Þar væri nærtækast að líta til Þjóðskrár Íslands sem ætti að vera eigandi og miðlari slíkra upplýsinga.

Þá hefur einnig með tilkomu almennrar notkunar á rafrænum skilríkum aukist notkun á vefum eins og Island.is sem einnig gæti verið sá miðlægi aðili sem leita mætti til.

103. Nova hefur kynnt sér það sem fram kemur í umsögn Vodafone og tekur undir þær athugasemdir.

## VII.

Af hálfu Nova er áréttað að fyrirætlanir frumvarpsins, einkum að því er varðar 87. gr. þess, varða gríðarlega hagsmuni fyrir uppbyggingu fjarskiptakerfa á Íslandi, hagsmuni neytenda og samfélagsins alls. Nova væntir þess og gengur út frá því að þegar umsagnir hafa borist umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis muni nefndin kalla fulltrúa Nova og annarra hagsmunaaðila á fund til sín og gefa þeim kost á að veita nefndinni frekari upplýsingar og eiga bein samskipti um þau efnisatriði frumvarpsins sem hér eru gerðar athugasemdir við.

Virðingarfyllt,  
  
f.h. Nova hf.

Margrét Tryggvadóttir, forstjóri

  
Heimir Örn Herbertsson lögmaður